



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

LITLI TÓNSPROTINN

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

13. & 14. DESEMBER



Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

Hulda Björk Garðarsdóttir og
Kolbrún Völkudóttir einsöngvarar

Kristín Ýr Jónsdóttir einleikari á flautu

Fríða Rún Frostadóttir einleikari á hörpu

Stúlknakór Reykjavíkur
Margrét J. Pálmadóttir stjórnandi

Vox Signum táknmálskór

Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Karen Janine Sturlaugsson stjórnandi

Nemendur úr Listdansskóla Íslands
Æfingastjórn: **Birgitte Heide, Guðmundur Helgason,**
Margrét Gísladóttir, Nanna Ólafsdóttir

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts
Snorri Heimisson stjórnandi

Eyrún Helga Aradóttir táknmálstúlkur

Gerður Sjöfn Ólafsdóttir táknmálstúlkur

Lilja Hákonardóttir Maxímús Músíkús

Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.
Tónleikarnir eru um það bil klukkustundar langir og án hlés.
Tónleikarnir eru hljóðritaðir af Rás 1 og verða sendir út á öðrum degi jóla.

Myndir í tónleikaskrá eru teiknaðar af Þórarni Má Baldurssyni.

Skreytingar á tónleikum annaðist Garðlist.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 13. & 14. DESEMBER 2014 » 14:00 & 16:00

Robert Sheldon

Jólaforleikur

Enskt jólalag/John Bull

Syngjandi komum við

Jórunn Viðar

Jól

Jester Hairston

Boðskapur Lúkasar

Vladimir Rebikov

Úr Jólalréssvítunni

Dans trúðanna

Dans kínversku brúðanna

Vals

Vince Guaraldi

Jólastemning

Friðrik Bjarnason


Jólasveinar ganga um gólf

Sigvaldi Kaldalóns

Nóttin var sú ágæt ein

Franz Gruber

Heims um ból



Bernharður Wilkinson

hefur stjórnað tónleikum Litla tónsprotans oftár en nokkur annar hljómsveitarstjóri og er mikill þungavigtarmaður í tónlistaruppeldi ungmenna á Íslandi. Hljóðfærið hans Benna er þverflauta en þegar hann var ungur drengur söng hann í kór Westminster Abbey í London. Benna er ógleymanleg eftirvæntingin að morgni jóladags þegar gjafirnar úr jólasokknum voru opnaðar og ilminn af mandarínnum lagði um húsið, en þær voru ekki jafn algengar þá og í dag.

Barbara

fæddist í Leiklistarskóla Íslands árið 1994, kom fullsköpuð út úr Halldóru Geirharðsdóttur þegar hún setti á sig rautt nef. Halldóra er besta vinkona Barböru. Barbara kemst ekkert án Halldóru og væri ekki til ef Halldóra færi. Allt sem Halldóra kann, getur Barbara líka en margt sem Barbara veit hefur Halldóra ekki hugmynd um. Barbara hefur aldrei haldið jól, bara talað um þau og leikið þau og lifað sig inn í þau, en Halldóru finnst jólin góður tími – gott að vera saman inni í myrkrinu og brosa til hvers annars yfir kertaljósi.

Hulda Björk Garðarsdóttir

var 6 ára þegar hún fór í tónlistarnám. Hún fór í fyrsta söngtímann sinn þegar hún var með dóttur sína í maganum. Hulda lærði söng á Íslandi, í Þýskalandi og Englandi. Hulda hlustar á alls konar tónlist og hefur sungið í mörgum óperum, á alls konar tónleikum með Sinfóníuhljómsveitinni og unnið með mjög mörgu skemmtilegu fólki. Hulda er mjög rík, því hún á eina dóttur, einn son og meira að segja eina ömmustelpu. Öll elska þau tónlist.

Kolbrún Völkudóttir

hefur sungið á táknmáli frá því hún var lítil stúlka en óperutónlist er hennar uppáhald. Kolbrún hefur um árabil verið einsöngvari á jóla-tónleikum og sungið í messum í Langholtskirkju á aðfangadagskvöld. Kolbrún söng einsöng í fyrsta sinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands á jólatónleikum sveitarinnar 2013. Kolbrún nýtur jólanna og er mikið jólabarn.





Einleikarar á flautu og hörpu

Kristín Ýr Jónsdóttir hóf þverflautunám haustið 2006 hjá Guido Baumer í Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar. Hún byrjaði í Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2011 og er nú í framhaldsnámi hjá Áshildi Haraldsdóttur. Kristín Ýr lék í Ungsveit Sinfóníu-hljómsveitar Íslands í fyrsta skipti nú í haust og er nemandi í Verzlunarskóla Íslands þar sem hún er á náttúrufræðibraut. Samhliða námi og þverflautuleik leggur hún stund á fótbolta með sameinuðu liði Vals og Þróttar.

Fríða Rún Frostadóttir byrjaði 7 ára að læra á blokkflautu í forskóla. Hún hóf hörpunám hjá Elísabetu Waage haustið 2007 í Tónlistarskóla Kópavogs og hefur verið nemandi þar síðan eða í rúmlega 7 ár. Fríða Rún hefur lokið bæði grunn- og miðprófi í hörpuleik með framúrskarandi árangri. Fríða stundar nám á listnámsbraut í Borgarholtsskóla og er einnig skáti.

Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

er skipaður 11 nemendum á aldrinum 16 til 21 árs. Bjöllukórinn er hluti af tónlistarnámi nemendanna og hefur kórinn komið fram við ýmis tækifæri í Reykjanesbæ en þar kveður við nýjan tón því bjöllur eru sjaldséðar í íslenskum tónlistarskólum. Bjöllur eiga vel við á tónleikum á aðventu með sínum hátíðlega tónblæ og útliti. Stjórnandi bjöllukórsins er Karen Janine Sturlaugsson en hún stjórnaði fyrsta bjöllukór Íslands árið 1976.

Listdansskóli Íslands

var stofnaður árið 1952 og hefur æ síðan verið í fararbroddi danslistar á Íslandi. Nám í Listdansskólanum skiptist í grunn- og framhaldsdeild og fá börn frá níu ára aldri þjálfun í öllu því sem þarf til þess að geta dansað bæði klassískan ballett og nútímadans. Sum þeirra hafa orðið atvinnudansarar, bæði hér heima og í öðrum löndum. Haldin eru inntökupróf í skólann á vorin. Nánari upplýsingar um Listdansskóla Íslands má finna á www.listdans.is.

Stúlknaður Reykjavíkur

var stofnaður árið 1995 af aðalstjórnanda hans, Margréti J. Pálmadóttur. Stúlkurnar eru um 140 talsins á aldrinum 5-25 ára. Stúlknaðurinn hefur átt gott samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands allt frá árinu 2000. Kórinn hefur tekið þátt í hefðbundnum jólatónleikum Sinfóníunnar og auk þess sungið í **Plánetunum** eftir Gustav Holst, **Hringadróttinssinfóníunni** eftir Howard Shore, **Maxímús Músíkús** eftir Hallfríði Ólafsdóttur og nú síðast tók kórinn þátt í flutningi á þriðju sinfóníu Gustavs Mahlers á Listahátíð í Reykjavík 2014. Nánari upplýsingar um Stúlknaður Reykjavíkur má finna á www.domusvox.is.

Táknmálskórinn Vox Signum

var stofnaður á vordögum 2013. Kórmeðlimir eru afar metnaðarfullir og leggja mikið á sig við að þýða textana sem fluttir eru á tónleikunum yfir á íslenskt táknmál en það er gríðarlega mikill vinna. Hulda María Halldórsdóttir heldur utan um hópinn en auk þess að vera kórmeðlimur þá er hún góður einsöngvari. Aðstoðarmaður kórsins á tónleikum er Laila Arnþórsdóttir.

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

var stofnuð veturinn 1968. Í henni eru rúmlega 90 börn og unglingar úr öllum grunnskólum Árbæjar- og Breiðholtshverfum. Skólahljómsveitin tók þátt í Nótunni 2014 og komst áfram í úrslita-keppnina. Allar sveitir Skólahljómsveitarinnar fara í æfingabúðir út á land einu sinni á ári og koma fram á ýmsum samkomum, m.a. jólatónleikum fatlaðra með stórstjörnum eins og Páli Óskari. Skrúðgöngur eru stór partur af starfi hljómsveitarinnar og í maímánuði er haldin uppskeruhátíð skólahljómsveita í Reykjavík í fjölskyldu- og húsdýragarðinum þar sem hljómsveitirnar spila víðsvegar um garðinn, grilla pylsur, fá að fara í tæki og enda daginn á einni allsherjar skrúðgöngu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

er stærsta hljómsveit á Íslandi. Sinfóníuhljómsveitin er hljómsveit allra landsmanna sem heldur reglulega tónleika í Hörpu. Hljómsveitin fer stundum í tónleikaferðir út á land og til útlanda. Í Sinfóníuhljómsveitinni eru hljóðfæraleikarar sem eiga langt hljóðfæranám að baki enda eru þeir allir meistarar, hver á sínu sviði.

Heimsæktu vef Sinfóníuhljómsveitarinnar www.sinfonia.is.





Um tónlistina

Í jólaforleiknum, sem **Robert Sheldon** útsetti og Sinfóníuhljóm-sveitin leikur á tónleikunum í dag, koma fyrir nokkur af vinsælustu jólalögum allra tíma. Má þar nefna **Hátíð í bæ**, **Ég verð heima um jólin**, **Jólasveinninn kemur í kvöld**, **Eigum saman gleðilega hátíð** og **Hátíðirnar**. Í forleiknum er sveiflan og fjörið aldrei langt undan og fallegur einleikur á ýmiss hljóðfæri kristallar hina einu sönnu jólastemningu.

Syngjandi komum við

er gamall enskur jólasöngur en heiti lagsins vísar til þess þegar fólk gekk á milli húsa eða stóð á torgum úti og söng jólalög. Með söngnum voru jólakveðjur og óskir um heillaríkt komandi ár fluttar öllum þeim sem hlustuðu eða fóru hjá. Í þessari fallegu útsetningu Lindu McKechnie fyrir bjöllukór og hljómsveit bregður einnig fyrir rondó eða hringdansi eftir enska tónskáldið og orgelsmiðinn John Bull. Með laginu **Syngjandi komum við** sendir bjöllukórinn jólakveðjur til allra tónleikagesta.

Jórunn Viðar

er meðal þekktustu tónskálda á Íslandi. Hún hefur samið kvikmynda- og ballettónlist, sönglög og fjölda annarra tónverka. Jórunn var mjög lengi eina konan á Íslandi sem starfaði sem tónskáld. Í tónverkum Jórunnar er að finna hinn íslenska tón sem tengist sögu og menningu þjóðarinnar í gegnum aldirnar.

Í laginu **Jól** eftir Jórunni Viðar leika tvær stúlkur, Fríða Rún og Kristín Ýr, einleik á hörpu og þverflautu en þær voru hlutskarpastar í áheyrnarprufum sem haldnar voru fyrir jólatónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þær flytja lagið **Jól** með strengjasveit hljómsveitarinnar, þremur klassíkum ballettdönsurum og Stúlnakór Reykjavíkur en lagið þykir eitt fallegasta jólalag síðari ára og er sungið við texta Stefáns frá Hvítadal.

Jester Hairston

var bandarískt tónskáld, kórstjóri og leikari. Hann helgaði líf sitt varðveislu og rannsóknum á negrasálmum ásamt því að skrá niður söguna að baki þeim. Hann ferðaðist á milli landa til að kynna blökkumannatónlist ásamt því að leika í yfir 50 bíómyndum. Árið 1956 samdi hann **Boðskap Lúkasar** en sama ár var lagið tekið upp bæði af Harry Belafonte og Mahalia Jackson og hefur verið flutt af ótal listamönnum síðan. Í laginu leitast Hairston við að koma áleiðis sönghefð og einkennum blökkumannatónlistarinnar. Einar Jónsson útsetti lagið sérstaklega fyrir þetta tilefni.

Jólatréssvítan

eftir rússneska tónskáldið og píanóleikarann **Vladimir Rebikov** heyrir nú í fyrsta sinn á jólatónleikum Litla tónsprotans. Svítan var samin árið 1900 og er því 114 ára gömul. Svíta er röð þátta eða dansa sem allir eru í ólíkum stíl eða hljóma ólíkt. Þrír þættir svítunnar; gáskafullur trúðadans, framandi brúðudans frá Kína og þokkafullur vals, sem er þekktasti þáttur svítunnar, eru fluttir af Sinfóníuhljómsveit Íslands og nemendum úr Listdanskóla Íslands.

Jólastemning

eftir Vince Guaraldi er flutt í nýrri útsetningu Hrafnkels Orra Egilssonar við texta Ómars Ragnarssonar. Ómar þýddi og staðfærði textann sérstaklega fyrir jólatónleika Sinfóníunnar. Guaraldi, sem var jazztónlistarmaður, samdi tónlistina fyrir teiknimyndirnar um Smáfólk. Lagið **Jólastemning** kom út á plötunni **Jól með Charlie Brown** árið 1965 sem er í hópi vinsælustu jólaplatna sem komið



hafa út vestanhafs.

Jólasveinar ganga um gólf

er gömul þjóðvísa. Lagið er eftir Friðrik Bjarnason og kom fyrst út á prenti árið 1949 og hefur notið jafn mikilla vinsælda og lögin hans **Í Hlíðarendakoti** og **Hafið, bláa hafið**. Brot úr vísunni hefur verið tengt við danskvæði eða vikivaka og því við hæfi að stíga dans með Barböru undir hljóðfæraleik og söng. Könnustóllinn sem sungið er um í kvæðinu var lítið borð til þess að setja könnu á.

Nóttin var sú ágæt ein

eftir Sigvalda Kaldalóns var færð í símfónískan búning af Hrafnkeli Orra Egilssyni. Lagið kom fyrst út í ársbyrjun 1941 eftir að Sigvaldi sá kvæði séra Einars Sigurðssonar í tímaritinu *Vikunni*. Sigvaldi sá strax hvað kvæðið var fallett og í bréfi til vinar síns sagðist hann hafa hnoðað saman lagi sem hann vonaði að fólki þætti sæmilegt. Á þessum tíma hefur Sigvaldi ekki getað séð fyrir þær vinsældir sem lagið hans átti eftir að njóta.

Heims um ból

er án efa eitt hátíðlegasta jólalag allra tíma en það var samið á jólum árið 1818. Prestinn Jósef Mohr langaði til að flytja nýtt lag í kirkjunni sinni í smábænum Oberndorf í Austurríki á aðfangadagskvöld. Hann hafði samið jólakvæði nokkru áður og bað vin sinn Franz Xaver Gruber organista að semja við það lag sem hægt væri að syngja við gítarundirleik. Gruber samdi lagið **Heims um ból** sem síðan þá hefur verið órjúfanlegur þáttur jólahalds um víða veröld. Útsetningin sem leikin er á tónleikunum var gerð af Sigurði Ingva Snorrasyni, klarínettuleikara.



Hljómsveit á tónleikum

1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius
Una Sveinbjarnardóttir
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Mark Reedman
Ágústa María Jónsdóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Laufey Jensdóttir
Christian Diethard
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Auður Ingvadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjann Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elísabet Waage

PÍANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri, umsjón Litla tónsprotans
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gislason verkefnastjóri
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótna- og skjalavörður
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

FRAMUNDAN Í LITLA TÓNSPROTANUM

Hetjur og valkyrjur

Lau. 14. feb. 2015 » 14:00

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

Í Hetjum og valkyrjum er farið í spennandi ferðalag um lendum hljómmikilla og gáskafullra tónverka. Indiana Jones, Vilhjálmur Tell, hugrakka stúlkan Mulan og valkyrjan Guðrún í Djáknanum á Myrká eru túlkuð af Sinfóníuhljómsveit Íslands á óviðjafnanlegan hátt.



Dimmalimm og Svanavatnið

Lau. 25. apríl 2015 » 14:00

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

Listmálarinn Muggur samdi ævintýrið um Dimmalimm handa lítilli íslenskrri frænku sinni. Gullfallegum myndum málarans verður varpað upp meðan á flutningi ævintýrsins stendur við tónlist Atla Heimis Sveinssonar. Tónleikunum, þar sem hversdagsleikinn er hvergi nálægur, lýkur á völdum þáttum úr Svanavatninu eftir Tsjajkovskíj þar sem nemendur úr Listdansskóla Íslands koma fram.



Heims um ból

Heims um ból helg eru jól,
signuð mær son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
;:meinvill í myrkrunum lá.::

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
;:konungur lífs vors og ljóss.::

Heyra má himnum í frá
englasöng: „Allelújá“.
Friður á jörðu, því Faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
;:samastað syninum hjá.::

Sveinbjörn Egilsson

